

sjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Nr. 17/1945. **Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Um skiptingu útsvars milli bæjarfélaga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. febr. þ. á. og krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi hans eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, hafði h/f Askur að vísu umboðsmann á Ísafirði umrætt ár, sem annaðist kaupgreiðslur félagsins til þeirra skipverja á b/v Skutli, sem heima áttu þar í kaupstaðnum. Enn fremur lét félagið leggja þar á land nokkuð af kolum, sem ætluð voru til nota skipsins, er það stundaði veiðar fyrir Vestfjörðum. En ekki verður talið, að félagið hafi með þessu rekið atvinnu á Ísafirði í merkingu a-liðs 1. töluliðs 9. gr. laga um útsvör, nr. 106/1936. Það ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst 1000 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, bæjarstjórnar Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 24. ágúst s. l. gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu á kr. 46080.00 eða annarri lægri fjárhæð að mati dómara og málskostnaði að skaðlausu. Í framhaldsstefnu, útgefinni 29. nóvember s. l., bar stefnandi fram *varakröfu* um, að stefndur verði dæmdur til að þola skiptingu milli málsaðilja á útsvari því, sem lagt var á h/f Ask í Reykjavík árið 1943, svo og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Veturinn 1941 seldu þáverandi hluthafar h/f Vals á Ísafirði hlutabréf sín öll. Meðal hluthafa voru bæjarsjóður Ísafjarðar og hafnarsjóður auk annarra stofnana og einstaklinga þar í kaupstaðnum. Meðal eigna félagsins var b/v Skutull ÍS 451, og voru hlutabréfin seld með því skilyrði, að skipið skyldi eiga heimili á Ísafirði til ársloka 1943. Síðar fóru fram eins konar makaskipti með h/f Val og h/f Aski, hér í bænnum, á skipum þeirra, en heimilisfang b/v Skutuls hélzt óbreytt. Í maímánuði f. á. gerði stefnandi kröfu um hluta af útsvari því, er lagt yrði á h/f Ask á árinu 1943, þannig að hluti þessi næmi sem svaraði öllu því útsvari, er lagt yrði á félagið vegna útgerðar stefnds skips, enda myndi þá eigi verða lagt á félagið á Ísafirði. Yfirskattanefnd Reykjavíkur varð við kröfu stefnanda og ákvað, að tekjuútsvar h/f Asks (kr. 34220.00) skyldi renna til stefnanda óskipt að viðbætti hækkun samkvæmt útsvarsstiga kaupstaðarins, og nam hún kr. 11860.00. Þessari niðurstöðu vildi stefndur ekki una og bar því málið undir ríkisskattanefnd, sem felldi úr gildi úrskurð yfirskattanefndar og synjaði um skiptingu útsvarsins. Höfðaði stefnandi því mál þetta, og er aðalkrafa hans, að úrskurði ríkisskattanefndar verði hrundið og stefndur dæmdur til greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem tiltekin var í úrskurði yfirskattanefndar, eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómara, en varakröfu hans er þegar lýst nægilega.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að b/v Skutull er skrásettur á Ísafirði og að eigandi hans hafi haft þar fastan starfsmann og skrifstofu allt árið 1942 til þess að annast framkvæmdarstjórn skipsins, og þar að auki megi telja eiganda þess hafa lóðarafnot í kaupstaðnum, þar sem er útgerðarstöð sú, er hann kveður skipið hafa á bækistöð sína. Þá hafi h/f Askur og átt kolabirgðir þar bæði fyrir skipið og sennilega til sölu, t. d. fyrir skipverja, og leiði þetta allt til þess, að h/f Askur sé útsvarsskyldur á Ísafirði samkvæmt 8. gr. útsvarsl. nr. 106 frá 1936 og því eigi stefnandi kröfu til skiptingar útsvars úr hendi stefndum samkvæmt 9. gr. sömu laga, og enda þótt eigi yrði talin fyrir hendi skilyrði til útsvarsálagningar samkvæmt 8. gr. laganna, þá sé starfsemi h/f Asks á Ísafirði svo viðtæk, að a-liður 1. töluliðs 9. gr. laganna taki til hennar, og beri því að skipta útsvari félagsins milli aðilja. Telur stefnandi það engu máli skipta í þessum efnum, að skipið lagði engan afla á land á Ísafirði 1942, þar eð allur afli þess var lagður á land og seldur í Bretlandi.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að lögheimili útsvarsgjaldandans, h/f Asks, er í Reykjavík, og þar er skrifstofa þess, bókhald og fyrirsvar allt. Kveður stefndur h/f Ask enga skrifstofu né útibú hafa á Ísafirði, og b/v Skutull sé að öllu leyti gerður út frá Reykjavík. Kveður hann skipið ekki koma á Ísafjörð annarra erinda en að sækja þangað skipverja til veiðiferða eða hleypa þeim í land, áður siglt sé utan með aflann, svo og til að taka kol af birgðum skipsins, en það sé til mikilla þæginda að geyma kolabirgðir nálægt fiskimiðunum. Kveður stefndur h/f Ask ekki hafa fastan starfsmann né umboðsmann á Ísafirði öðru vísi en til hagræðis fyrir skipverja og fjölskyldur þeirra, þannig að hann greiði kaup skipverja, sem flestir séu búsettir í kaupstaðnum, en umboðsstörf hafi maður þessi ekki með höndum fyrir félagið.

Aðalkröfu stefnanda þykir verða að skilja svo, að í henni felist krafa um það, að í dómi verði tekin ákvörðun annars vegar um útsvarsfjárhæð, einkum þegar þess er gætt, að gjaldanda er í þessu tilviki gert að greiða misháar fjárhæðir eftir því, hvoru sveitarfélaginu beri útsvarið, en hins vegar um það, hve mikinn hluta hvor aðilja skuli hljóta. Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 106 frá 1936 sbr. og 14. gr. sömu laga hlíta þessi atriði ekki úrskurðarvaldi dómstóla, og ber því að vísa aðalkröfu stefnanda frá dómi ex officio.

Varakrafan: Ekki þykir unnt að telja starfsemi h/f Asks á Ísafirði, þá, er að framan var lýst, jafngilda heimilisfastri atvinnustofnun þar í merkingu útsvarslaganna, þannig að félagið sé útsvarsskyld þar í kaupstað. Hins vegar þykja þessar framkvæmdir þar svo nátengdar og nauðsynlegar útgerð b/v Skutuls, að telja

beri h/f Ask reka þar atvinnu, svo sem greini í a-lið 1. töluliðs 9. gr. útsvarslaganna, enda veitir framhald heimilisfangs skipsins á Ísafirði því nokkra stoð, að þar sé að einhverju leyti útgerð þess. Ber því að taka til greina varakröfu stefnanda og dæma stefndan til að þola skiptingu samkvæmt ákvæðum III. kafla útsvarslaganna á útsvari því, er lagt var á h/f Ask hér í bænum árið 1943.

Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregið nokkuð um venju fram sakir sérstakra embættisanna.

Þvi dæmist rétt vera:

Framangreindri kröfu er vísað frá dómi ex officio.

Stefndum, bæjarsjóði Reykjavíkur, ber að þola það, að útsvari því, sem lagt var á h/f Ask árið 1943 í Reykjavík, verði skipt samkvæmt III. kafla laga nr. 106 frá 1936 milli hans og stefnanda máls þessa, bæjarsjóðs Ísafjarðar.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Nr. 43/1945. **Kristín Daniélsdóttir og Ólafur Daniélsson**
(Theódór B. Lindal)
gegn

Thorvaldsensfélaginu og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útburðarmál. Um rétt erfingja til leiguhúsnaðis arfleifanda.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristján borgarfégeti Kristjánsson.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. marz þ. á., hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang útburðar. Svo krefjast þeir málskostnaðar úr hendi